

## 22 | MINNINGAR

## Ólafur Tryggvi Þórðarson

Ólafur Tryggvi Þórðarson tónlistarmaður var fæddur í Glerárþorpi, Akureyri, 16. ágúst 1949. Hann lést á Grensásdeild Landspítalans 4. desember 2011.

Ólafur var sonur hjónanna Helgu Sigurðar Sigvaldadóttur, f. 3. júní 1914, d. 22. desember 1986, og Þórðar Halldórs Ólafssonar, f. 10. júlí 1909, d. 3. júní 1953. Systkini hans eru Jóhann Theodor, f. 2. apríl 1936, Björg, f. 30. apríl 1938, Ólafur Tryggvi, f. 25. september 1946, d. 25. júní 1949, Helgi Sigurður Sigvaldi, f. 25. september 1946, Kormákur Þráinn Bragason, f. 24. nóvember 1955.

Ólafur kvæntist 24. október

Þegar Óli frændi kom norður í land til að spila með Ríóinu fannst okkur, litlu frændum hans, hann enginn smágaur. Þeir komu í kaffi, Helgi P., Halldór Fannar og Óli sem þurftu að sýna stóru systur að hann væri ekki í neinni vitleysu. Sátu í stofunni með lakkrísbíndin, kannski ca. 1969, orðnir þjóðþekktir og varla tvítugir. Gat það verið flottara. Óli var ánægðastur með Ríóið sitt þegar það fram sinn eigin tón, ánægður með lögina sem þeir höfðu samið í Bandaríkjunum. Hann vildi gera meira af þessu. Svo gaf hann út tvær plötur í eigin nafni, varð djassari og sveigði sig allan og beygði þegar tónlistin byrjaði að hljóma. Youtube-ið geymir hann á sviðinu á afmæli Reykjavíkurborgar 1986 hoppandi kátan á hvítum sumarjakka að syngja um Fröken Reykjavík. Eftir tónleikana talaði hann bara um frábæran pianóleikara en ekkert um eigin frammistöðu. Óla fór kannski ekkert mjög vel að koma sjálfum sér að, hann vildi frekar



1970 Brynhildi Sigurðardóttir, f. 29. apríl 1949, d. 11. ágúst 1994. Synir þeirra eru Þorvarður Davíð og Þórður Daniel, f. 30. apríl 1979. Dóttir Þórðar er Brynhildur Náðia, f. 2. október 2008. Sambýlskona Þórðar er Sandra

Sigurðardóttir, f. 1. júlí 1986. Dóttir hennar er Erla Talía Einarsdóttir. Seinni kona Ólafs er Dagbjört Helena Óskarsdóttir, f. 1. desember 1963. Þau Dagbjört og Ólafur gengu í hjónaband 8. júlí 2000. Sonur hennar og uppeldissonur Ólafs er Óskar Harðarson, f. 22. september 1990. Foreldrar Dagbjartar eru Anna Magdalena Leósdóttir, f. 7. mars

láta aðra njóta sviðsljóssins.

Óli réði Jakob frænda sinn í vinnu á umbodsskrifstofu listamanna. Jakob sagðist ekkert vit hafa á þessu. Þú getur þetta alveg, sagði Óli. Þannig var hann líka við alla listamennina, þú getur þetta alveg sagði hann þegar þeir voru óvissir um verkefnið. Hann vildi þeim öllum vel og tók oftast af lítið fyrir sinn snúð. Á Urðarstígnum gerði hann upp sitt litla svarta hús með Brynhildi heitinni af frábærri smekkvísi. Hann var með þjalirnar og sagirnar, hún hafði yfirumsjón með heildinni. Við þessa góðu mynd bættust tvíburarnir. Sú saga var glöð og þeir voru kátir og forvitnir og lifði ekkert annað en endalaus tækifærin. En það fer ekki alltaf allt eins og maður helst vildi. Óli var mestan part alinn upp í Kópavoginum, amma Helga hafði flutt að norðan með synina og dró fram lífið í litilli íbúð og af litlum efnum en mikilli gleði, endalausum söng og meðfæddum glæsileika. Óli varð tónlistarkennari og kom í hádegjuna til ömmu að

1945, og Eyvindur Óskar Benediktsson, f. 27. apríl 1941.

Ævistarf sitt helgaði Ólafur tónlistinni. Hann var menntaður tónlistarkennari og kenndi á árum áður tónlist í Kópavogi en þekktastur er hann fyrir að leika með Ríó tríoínu í meira en 40 ár. Hann lék einnig með fleiri hljómsveitum svo sem Kuran Swing og South River Band. Með þessum hljómsveitum lék hann inn á tugi hljómsplata og þá gerði hann einnig tvær plötur í eigin nafni. Ólafur var mikill djassmannandi, hann var frumkvöðull að stofnun þess sem nú er Djasshátíð Reykjavíkur og átti þátt í stofnun Léttseitar Ríkisútvarpsins. Hann stofnaði og rak umboðsskrifstofu listamanna um árabíl en vann einnig sem blaðamaður, ljósmyndari og útlitsteiknari. Síðast en ekki síst var Ólafur þjóðkunnur útvarpsmaður en á Ríkisútvarpinu stýrði hann tónlistarþáttum um árabíl.

Ólafur verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í dag, 13. desember 2011, og hefst athöfnin kl. 13.

heilsa upp á norðanmenn í heim-sókn, brunaði í hlaðið á gulum Skóða, alltaf með hausinn fullan af ætlanum, endalaus orka. Meðfram öðru byggði hann sumarhús, bætti við gestahúsi, gróðursetti, lagði stíga, reisti girðingar og gróf eins og vélskófla og alltaf þessi ástríða fyrir öllu sem hann tók sér fyrir hendur.

Óli var heppinn með báðar sínar konur. Heimilið hefur alla tíð verið hlýlegt og aðlaðandi. Þegar Daddý kom til sögunnar var ótrúlega margt sem hélst, gestrisnin og notaleg stemmingin. Hún hefur sýnt svo mikinn styrk síðasta árið og samband þeirra Tóta, sonar Óla, er aðdáunarvert.

Óli geymdu inni í sér mikla harmsögu þegar annar sonurinn glataði sér í eitri og ólyfjan. Endir þeirrar sögu er þyngri en tárur taki. Fjandinn eigi allt þetta eiturlyfjadrasl og þann sjúka heim sem á því nærlist.

Við bræðurnir minnumst Óla af mikilli væntumþykju. Það er erfitt að kveðja, en stundirnar voru góðar, söngurinn kátur, hljómurinn hreinn og gleðin ósvikin. Þá er til einhverj unnið.

Kristján Kristjánsson og Jakob Þór Kristjánsson.

Það var alltaf eitthvað töfrandi við að hitta Óla frænda. Hann var töluvert eldri og sá eini í frændgarðinum mínum sem var frægur. Mér fannst hann ósköp ljúfur og viðkunnaður – og alþýðlegur – þrátt fyrir alla sína frægð. Og það var alltaf líf og fjör í kringum hann þegar hann mætti í laufbraud, í afmælisboð eða þegar hann kom á Kleifarinn og spilaði á gítarinn sinn í stofunni á Syðri-Á. Svo var ég svo lánsamur að stofna með honum hljómsveit sem starfaði öslitið frá árinu 2000. Það voru haldnar vikulegar æfingar í South River Band – oftast á heimili Óla í Þingholtunum. Við sameinuðumst í ástríðu okkar til tónlistarinnar en það var eitthvað meira sem batt okkur saman. Það var félagskapurinn, stemmingin, vináttan.

Þessir vikulegu fundir okkar voru alveg ómissandi, að spjalla saman – hlæja, búa til skemmtilega tónlist í tónum og textum og spila hana – okkur sjálfum til ánægju. Við kölluðum hann Maestro okkar í milli. Hann var prímsmótor í okkar samstarfi og samspili. Þegar Maestro var í stuði voru okkur allir vegir færir. Hann var feiknalega skemmtilegur rytmagítarleikari og það var engin þörf á slagverki þegar Maestro var á gítarinn. Hann samdi líka falleg lög og var fjarskalega óeig-ingjarn og hvetjandi í samstarfi og alltaf svo gjafmildur á góð ráð og stuðning.

Það er stundum sagt að maður þróist ekki sem tónlistarmaður nema maður spili með fólki sem er

## HINSTA KVEÐJA

Elsku vinur, það fór þá svona. Við töpuðum þessu þrettán mánaða stríði. En við eigum eftir að hittast aftur.

Þangað til verður óumræðilega sárt og einmana-legt að hafa þig ekki til hlíðar við mig í sjónlínu skellihljæjandi á stóra sviðinu þar sem við höfum verið að ærslast saman frá því að við vorum nfu ára.

Helgi.

Við sem erum eftir hér eigum margs að sakna. Megi ósk vor meigna þér máttinn til að vakna.

Elsku Daddý og fjölskylda innilegar samúðarkveðjur.

Óskar og Hörður.

leiknara en maður er sjálfur. Ég veit að samstarfið við Óla frænda gerði mig að betri tónlistarmanni. En ég held að viðkyrningin við hann hafi líka gert mig að betri manni. Jafn hryggur og ég er yfir fráfalli frænda míns er ég sannfærður um að hann er nú kominn á betri stað. Minning Óla frænda og tónlistin hans mun lifa.

Ég sendi eiginkonu hans og fjölskyldu mínar samúðarkveðjur.

Helgi Þór Ingason.

Elskulegur mágur minn, Ólafur Þórðarson, hefur nú fengið hvíldina eftir langa og erfða baráttu. Ég er lánsöm að hafa farið í gegnum lífið með Óla og hans góðu fjölskyldu, móður, bræðrum og systur Óla. Óli var 17 ára þegar þau Brynhildur fara að vera saman. Hann varð strax einn af fjölskyldunni á Selvogsgrunni 17. Óli hafði vinalega framkomu og það skiladi sér til mín strax frá fyrstu kynnum. Ungu paríð hóf búskap sinn á Otrateigi. Þau leigðu nota-lega íbúð hjá góðum hjónum. Það var yndislegt fyrir ungling að fá að vera hjá Brynhildi á kvöldin meðan Óli var að spila eða á æfingum. Þegar við Óli, maðurinn minn, fluttum á Freyjugötu þá urðum við fjölskyldurnar ná-grannar. Þá var gott að röltu niður á Urðarstíg og sérstaklega eftir að strákarnir komu í heiminn. Við systurnar vorum líka lánsamar að fá að reisa okkar bústaði í landi mömmu og pabba við Álftavatn. Það var unun að fylgjast með Óla Þórðar í vinnugallanum í Neðsta-Hvammi. Hann naut sín vel í úti-verkunum og nú er það okkar að halda öllu hans vel við. Óli var líka vanafastur fyrir austan, hann var alltaf í sama vinnugallanum og hélt miknið upp á stóru gallabuxurnar, stígvélin og köflotta ullar-jakkann sem hann keypti í Ameríku þegar Ríó trío fór þangað.

Eftir andlát Brynhildar pössuðum við að halda okkar góða sambandi áfram og eftir að Dagbjört og Óskar komu inn í líf Óla og strákanna á Urðarstíg tókst strax samband okkar á milli. Þau tengsi verða aldrei rofin.

Elsku aðstandendur, mínar innilegustu samúðarkveðjur. Eftir lifir minning um góðan vin.

Helga Sigurðardóttir.

Lífið brosti við okkur, Brynhildur vinkona nýbúin að kynnst Óla sínum, mig minnir að árið hafi verið 1966 eða 1967. Sumarið í minningunni var endalaus gleði og árin framundan voru ár gleði og drama. Við vinkonurnar sem sagt kynntumst mannsefnum okkar á mjög svipuðum tíma og þeir fengu okkur vinkonuþoppinn með. Óli einstakur ljúflingur og eru nokkrar myndir minnisstæðar frá þessum árum, Brynhildur, Óli, ég og Ragga að gantast saman á mynd sem Lúlli tók, önnur af Óla með málningarpensil í hendi á stéttinni við Selvogsgrunn 17 að hjálpa til við að mála húsið í slopp

af tengdafaður sínum, Sigurði, brúnum eins og kaupmenn í þá daga voru oft í.

Ég átti þess kost að koma líka til mömmu Óla oft með Brynhildi, yndisleg kona. Gleðin var eins og áður sagði miknið við völd, hlustað miknið á tónlist og þar var Ríó í upphaldi ásamt Rachmaninoff, Edith Piaf og Bítlanum þegar verið var að klæða sig upp og mála sig fyrir helgardjammið hjá okkur og á eftir oft farið í litla húsið í Kópavogi og spilað og sungið fram á nótt.

Við þroskuðumst og giftum okkur og alvara lífsins tók við, húsbyggingar, barneignir og við fylgdumst að vinkonurnar, makar okkar og börn. Við fylgdumst með þegar Óli og Brynhildur fengu fallegu drengina sína til sín og með uppveiti þeirra, enda bara ári yngri en minn sonur og á sama ári og sonur Röggu. Afmæli og annað sem við tókum þátt í saman, tónlistarmám og nám barna okkar voru okkur hugleikin. Brynhildur vinkona mín lést langt um aldur þegar Óli var 15 ára. Enginn getur sett sig í spor þeirra sem eftir stóðu og skildi þá miklu sorg sem ríkti í hugum okkar allra.

Við glöddumst mjög þegar Óli kynntist Dagbjörtu eftirlifandi eiginkonu sinni, yndisleg kona í alla staði, og hann tók gleði sína á ný. Við fylgdumst með úr fjarlægð og dáðumst að hvernig ótrúlegum erfðileikum var mætt með skilningi og reynt að hjálpa eftir mætti en endirinn var ótrúlega sársaukafullur. Við göngum út í lífið með gleði í huga en við vitum ekki hvað biður okkar og stundum þurfa sumar fjölskyldur að ganga þyngri spor en aðrir. Í gegnum þessi spor sést berlega hverjir eru vinir og Óli var vinamargur maður. En einn var þó allra bestur og það var hann Helgi P. En þeir voru alltaf eins og bræður og er hugur okkar líka hjá honum og þeim félögum í Ríó öllum.

Elsku Dagbjört, ég hef fylgst með úr fjarlægð og ekki er hægt að koma orðum að þeim erfðileikum sem þú hefur þurft að takast á við. Samið okkar er hjá þér og þinni fjölskyldu.

Elsku Þórður, við fjölskyldan sendum þér samúðarkveðjur, að missa fjölskyldu sína er þyngra en nokkuð sem maður á að þurfa að horfast í augu við svona ungu, en þú ert og varst stolt allra sem þig þekkjá. Hugur okkar er hjá þér og þinni fjölskyldu í dag.

Systkinum Óla og öðrum ættlingum sendum við innilegar samúðarkveðjur.

Hugur okkar er hjá öllum þeim sem eiga um sárt að binda við fráfall öðlingsins Ólafs.

Sigrún Böðvardsdóttir, Lúðvík Bjarnason og fjölskylda.

Tónabær, veturinn 1969, 16 ára stúlka í pílsí og lakkstígvélum situr dolfallin með stjörnur í augum. Meðan vinir og kunningjar djömmuðu, fannst þessari skipta miklu meira máli að fara á þjóðlagakvöld öll fimmtudagskvöld. Þá kynntist hún fyrst Ólafi Tryggva Þórðarsyni. Gústi, Helgi og Óli. Ekkert flottara var til í hennar huga og er það enn. Ég man þá stund þegar Ágúst Atlason trúði mér fyrir því að hann væri að fara á fund á Kaffi Tröð með mjög þekktum tónlistarmönnum, en mætti ekki segja hverjir þeir væru. Þegar hann kom til baka hafði hann fengið tilbod sem hann gat ekki hafnað: að verða einn þriggja í Ríó Tríoínu.

Þegar aðdáendaklúbbur Ríó Tríosins var formlega stofnaður sumarið 1994, mætti ekki aðeins Rás 2 til að senda út viðtöl heldur kom Ríó Tríoíð og gaf sjálfskipuðum formanninum hvíta skó og hvít jakkaföt sem þeir pössuðu ekki lengur í.

Árið 1995 var Ríó Trío með tónleika í Súlnasal Hótelis Sögu og var undirrituðum formanni aðdáendaklúbbsins boðið að sitja við

borð með mökum þeirra. Þetta var mikill heiður, en heldur brá henni í brún þegar hún sá að við borðið sat Grace Kelly endurborin. Reyndist þetta vera Dagbjört Helena, sem fimm árum síðar varð eiginkona Óla. Fyrri kona Óla, Brynhildur Sigurðardóttir, lést langt um aldur fram árið 1994 og Óli hélt heimilinu í föstum skorðum með tvo unglingsyni, sem hann sinnti af einstakri alúð og natni.

Með okkur Daddý tókst einstök vináttu – og einnig með allri fjölskyldu hennar. Við stofnuðum matarklúbb, skiptumst á að borða hver heima hjá annarri og á Urðarstígnum var ómissandi að fá Óla upp í borðstofuna. Ekki var verða að mæta á Urðarstígnum og hitta þar fyrir Ríó eða South River Band á æfingu.

Óli var hvers manns hugljúfi. Árið 1997 þegar styrktartónleikar fyrir flóðafólk í Tékklandi voru haldnir lét Óli sér ekki nægja að hanna alla miða, veggspjöld og auglýsingar; hann mætti líka með Gústa og Helga til að leika á tónleikum. Í byrjun nóvember í fjóra leitaði ég til Óla vegna styrktartónleika og mætti hann með South River Band til að styrkja Parkinsonsamtökin.

14. nóvember 2010 var dagur martraðar. Frá þeim degi kom Óli okkar aldrei til baka. Hann dvaldi á sjúkrahöfnunum þar sem Daddý útbjó sjúkrahöfn hans fallega, með kertaljósnum og myndum af fjölskyldu hans. Stærst var myndin af Þórði Danieli, syni hans, með dóttur sína Brynhildi Náðu, barnabarninu sem Óli sá ekki sólna fyrir. Hann annaðist einnig af einstakri umhyggju einhverfan son Daddýar, Óskar, sem löngum dvaldi hjá þeim.

Í marga mánuði trúði ég því að Óli myndi einn daginn standa upp, alheilbrigður. Ég held við höfum öll haldið í þá von mjög lengi, en hægt og hægt varð að horfast í augu við raunveruleikann. Æskuvinnurinn Helgi P. sýndi vináttuna í verki á þessum tíma.

Það var því líkn þegar Óli varð laus undan þjáningum sínum. Ég trúir því að nú hvíli hann í faðmi himnasmíðsins og sé aftur heilbrigður. Það verður gaman í himnaríki þegar Óli tekur upp gítarinn sinn og tekur lagið. Ég hlakka til að hitta aftur þennan tryggja vin minn til 42 ára.

Elskulegri eiginkonu hans, Dagbjörtu, Þórði Danieli, Brynhildi Náðu og öllum aðstandendum og vinum sem elskuðu Óla votta ég djúpa samúð og bið Guð að senda englasveitir sínar að vaka yfir þeim.

Hvíldu í friði, tryggji vinur. Anna Kristine.

Haustið 1973 hringdi ég í Ólaf Þórðarson og bað hann um að taka að sér stjórn kórs sem nokkrir nemendur í Flensborgarskóla ætluðu að stofna. Ólafur tók erindinu vel, sagðist ekki hafa mikla reynslu af kórstjórn en væri til í að sjá hvernig þetta gengi. Þegar það fréttist að Ólafur í Ríó stjórnaði öll kórnum var minnsta mál að safna söngfólki. Ólafur tók mér sem jafningja þó hann væri sex árum eldri en ég. Báðir höfðum við áhuga á djass- og dægurtónlist og fannst kjórið að láta kórinn efa negrasálma og léttu söngva. Við sömduð í sameiningu við Hljóma frá Keflavík um að leika á árshátíð skólans og spila undir hjá kórnum í leiðinni. Kórfélögum þótti stórkostlegt að fá að syngja með Hljómum og Björgvini Halldórsyni sem var í sveitinni. Á þessum tíma starfrækti Ólafur ORG útgáfuna með Gunnari Þórðar Rúnari Júl og stuttu seinni útgáfunum Steina með Steinari Berg Ísleifssyni og fleiri aðilum. Ólafur var nýlega hættur þar þegar ég kom til starfa hjá Steinum sumarið 1978, en leiðir okkar lágu enu að síður saman. Hann tók mér sem aldagömlum vini, var viðræðugóður og þægilegur í sam-



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HÖRÐUR SVEINSSON,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 29. nóvember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum aðsýnda samúð.

Ásdis Sigurðardóttir og fjölskylda.



Mágkona mín og frænka okkar,

**ELÍN HALLSDÓTTIR** frá Steinkirkju, Þórunnarstræti 108, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 2. desember. Útför hennar fer fram frá Illugastaðakirkju mánudaginn 19. desember kl. 14.00.

Levísa Emílija Sigurbjörnsdóttir og bræðrabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpaðir, tengdafaðir og afi,

**KARL JENSEN SIGURÐSSON** frá Djúpvík á Ströndum,

lést föstudaginn 9. desember.

Nanna Hansdóttir, Annþór Kristján Karlsson, Þórunn Anna Karlsdóttir, Friðrik Jensen Karlsson, Arnfríður Wíum Sigurðardóttir, tengdabörn og barnabörn.



skiptum. Lífsgleðin og krafturinn sem fylgdu Ólafi voru smitandi og það var gott að vinna með honum að gerð sjónvarpsþátta um Ríó tríó og útgáfu einu plötu Kuran Swing. Æskuvinur minn, Björn Thoróðssen, var í Kuran Swing ásamt Magnúsi Einarssyni, Þórði Högnasyni, Szymon Kuran og Ólafi sem dreif félagi sína áfram við upptökurnar enda dugmikill atorkumaður.

Pegar Léttisveit Ríkisútvarpsins var stofnsett 1985 hélt Ólafur um þræðina og var staðráðinn í að stækka og efla hljómsveitina. Honum tókst ætluarverkið og varð Léttisveitin að Stórsveit Ríkisútvarpsins. Hann var einn helsti hvatamaðurinn að Rúrek djassháttinum og átti stóran þátt í að Guðmundur Ingólfsson gerði plötuna Þjóðlegur fróðleikur, svo fátt eitt sé talið.

Árið 1995 þegar Hraunbúar byggðu nýtt skátaheimili við Við-issatadátún stóðum við nokkrir skátar að djasskvöldum í því skyni að efla byggingasjóðinn og gekk tónleikaröðin Djass fyrir alla von-um frammar. Nokkru seinna stofnaði Ólafur umboðsskrifstofuna Þúsund þjalir og hafði samband við okkur. Bauð hann aðstoð við að útvega hljómsveitir fyrir djasskvöldin. Taldi hann að hugmyndin gæti gagnast til að halda samsvarandi þjóðlaga- og blúskvöld, enda sífellt að leita að nýjum leiðum til að skapa vettvang fyrir tónlistaruppákomur. Stuttu seinna fór ég að starfa hjá Ríkisútvarpinu og um líkt leyti tók Ólafur að sér umsjón kynningarmála á vegum stofnunarinnar. Útsjónarsami hans, drifkraftur og samskipta-hæfni nutu sín vel í starfinu.

Ólafur var vinamargur og vinsæll og kom frétin um alvarlega árás sem hann varð fyrir öllum á óvart. Síðasta árið hefur verið Ólafi afar þungbært og ekki síður þeim sem stóðu honum við hlið allan tímann. Nú er lífsneistinn slokknadur og nýtt tilverustig tekið við. Aðstandendum, ættingjum, vinum og samstarfsfólki Ólafs votta ég dýpstu samúð. Það er huggun að minningar um góðan dreng og tónlistarmann munu lífa áfram.

#### Jónatan Garðarsson.

Pegar kvaddur er ljúflingur, sem var góður vinur og félagi í meira en fjóra áratugi, er hugurinn hjá fjölskyldu hans og vinum. Efst í huga er þakklæti fyrir að hafa átt hann að og djúp sorg vegna orlaga hans. Á sínum tíma söng hann með félögum sínum í Ríó tríóinu um það bøl sem tók hann frá okkur á svo miskunnarlausan hátt, og í hugarum hljómar ljóðlína Jónasar Friðriks: „...en verst er þó að vita ekki hverju er um að kenna.“

Við höfum staðið máttvana hjá og það er tregt tungu að hræra og huga að sefa.

Pessar fátæklegu línur sendi ég til vina og vandamanna hans.

#### Ljúfur Drottinn lífið gefur, – líka misjöfn kjör, – og í sinni hendi hefur happ á tæpri skör.

Feigðin grimur um fjórð krefur, – fátt er oft um svör. Enginn veit hver annan grefur. Örlög ráða fór.

En ég veit að orðstí lifir, ást og kærleikspæl. Sá, sem vakir öllu yfir æ mun stjórna vel. Vitt um geim um lífsins lendur lofuð séuhans verk. Felum okkur í hans hendur æðrulaus og sterk.

#### Ómar Ragnarsson.

Það er lán hvers manns að kynnast góðu fólki á lífsleiðinni sem bætir mannlífið og hefur góða nærveru. Þannig drengur var nafni og minnst ég þess alla tíð í samskiptum okkar að virðing fyrir skoðunum og áhugamálum annarra var honum í blóð borin. Einna skýrast kom það fram er við hittumst í fjölskyldubodum

þar sem hann sýndi til að mynda alltaf áhuga á því hvað börnin okkar hefust að í starfi og leik. Veit ég að þau minnst hans á viðlíka hátt.

Samskipti okkar Óla voru alla tíð á góðum nótum og minnisstætt var hversu gaman var að spjalla við hann um tónlist þar sem ég gat hlustað á mann sem hafði brennandi áhuga á öllu sem tengdist þeirri listgrein. Þá fór Óli oft á flug og gat látið gamminn geisa um hinar ýmsu hugmyndir um hvað hægt væri að gera og hrínti sumum þeirra hugmynda í framkvæmd. Þar var sannur eldhugi á ferð.

Álftavatn við Sogið skipaði stóran sess í hjarta Óla. Þar undi hann öllum stundum og þar kom vel í ljós áhugi hans á landinu. Þar var minn maður í essinu sínu. Áttum við þar saman margar góðar stundir.

Kæri nafni. Nú þegar sameigilegum kafla okkar er lokið þá vil ég þakka þér, góði vinur, fyrir allar stundir sem við áttum saman og aldrei bar nokkurn skugga á.

Öllum aðstandendum votta ég samúð.

#### Ólafur Jóhannsson.

Það er skammt stórra högga á milli á litla vinnustaðnum, Rás 1. Með fárra vikna millibili eru tendruð ljós og haldnar þagnarstundir þar sem við minnumst látinna vina og félagi. Þetta minnir okkur á það, hversu lífið er hverfult og hve mikilvægt það er að njóta þess að vakna að morgni, fá að vera til með fólkinu sínu og fá að skapa dagskrá næstu viku.

Ólafur Þórðarson var að skreyta glugga Rásar 1 á adventunni fyrir tveimur árum. Katla, barnabarnið mitt, var að skreyta með honum. Ég horfði á þau með gleði í hjarta. Hún var heilluð af honum og hann var barnakarlinn, sem lét hana upplifa fjölgæðina í gegnum hlýjuna, sem hann bjó yfir.

Þetta segir mikið um Óla. Hann geislaði af væntumþykju og manngæsku. En Óli var ekki bara barnakarl. Hann var einnig gleðipinni, tónlistarmaður, dagskrárgerðarmaður og hugsjónamaður – en um fram allt öndvegismaður.

Ég þekkti ekki Óla, þegar hann var frægur í Ríó-tríóinu, sem hafði sungið sig inn í hjörtu þjóðarinnar. Ég kynntist honum fyrst þegar leiðir okkar lágu saman á Rás 1. Þá var yfir honum skuggi sem við áttuðum okkur ekki á. Áhyggjur sem við skildum síðar. Hann vann daglega vinnu af samvissu og elskaði að gera djassþáttinn Bláar nótur í bland síðdegis á laugar-dögum. En þetta var ekki sami Óli, sem áður klæddi sig í tjullkjól og kastaði sér út í bát sem sigldi yfir tjörnina í miðborg Reykjavíkur, í faðmi síkáttra Ríófélaga. Óli var orðinn áhyggjufullur, lokaður faðir.

Okkur skortir stundum hugmyndaflug til þess að ímynda okkur aðstandur sem vinir okkar og félagar lenda í. Fyrst trúðum við því ekki sem hafði gerst á heimili fjölskyldu Ólafs – trúðum því ekki að hann lægi meðvitundarlaus á sjúkrahúsi, vart hugað líf. Síðan var hann fluttur á Grensásdeildina þar sem starfsfólkið gætti hans af ótrúlegri ást og umhyggju. En hvaða líf var það? Vonin dó smám saman. Það var þungt ferli. Hrafnhildur Halldórsdóttir, félagi okkar á Rás 1, hefur verið kletturinn – tengiliður okkar við fjölskylduna hans þessa þungu mánuði sem liðin eru frá ógæfudeginum. Hún hefur miðlað upp-

lýsingum um líðan Óla til okkar af einstakri hlýju og þroska. Minnt okkur á baráttu hans. Stuðningur hennar hefur verið ómetanlegur og gleymist ekki.

Örlög Ólafs eru áminning til okkar allra um að njóta hvers dags, sem við fáum. Carpe diem.

Rás 1 sendir fjölskyldu Ólafs innilegustu samúðarkveðjur. Við kveðjum öðlinginn Ólaf Þórðarson með trega.

Farðu í fríði, – kæri vinur og samstarfsmaður,

#### Sigrún Stefánsdóttir.

Hvar á ég að byrja? Þegar ég var unglingur í Vighólaskóla og Óli kenndi tónlist og kenndi okkur öllum óhefubundin lög, og kynnti fyrir okkur hljóðfæri ættuð frá Afríku? Svo vinsælt varð þetta að nánast allir fóru í kórinn og Óli fullvissaði alla um að þeir hefðu hörku söngródd. Eða í Menntaskólanum í Kópavogi þegar við stofnuðum MK kvartettinn – þá var það Óli sem sá um að bóka okkur á ýmsum stöðum – kosningavökum og alls konar uppákomum og lét okkur líða eins og við værum heimsfræg á Íslandi. Það samstarf endaði með því að við sungum eitt lag inn á Kópavogspötu sem Óli stjórnaði upptökum á. Þegar Óli var tónlistarstjóri Rásar tvö réð hann mig í vinnu við að gera hina og þessa þætti – t.d. um verslunarmannahelgi. Þá sagði hann mér bara að fara af stað með upptökutækni og taka viðtöl við alls konar fólk og rifja upp minningar tengdar helginni. Ég lagði af stað og lærði heimilíkið um útvarpið – bara með því að bjarga mér sjálf en auðvitað með hjálp Óla. Ég fór síðan til náms í Austurríki haustið 1996 og var alltaf í sambandi við Óla á þeim tíma. Ég á nokkur bréf frá honum þar sem hann hvatti mig til að vera í sambandi þegar ég kæmi heim, hann hlýti að hafa eitthvað spennandi að gera, sem ég og gerði og ég fékk að prófa ýmislegt

skemmtilegt í útvarpsþáttagerð. Þegar námi lauk og ég flutti heim árið 1992 var Óli búinn að flytja sig um set og var kominn á Aðalstöðina sem var til húsa í fornfrægu húsi í Aðalstræti. Þar starfði ég með honum í tvö ár þar til ég byrjaði aftur á Ríkistúvarpinu. Við Óli vorum saman með morgunþátt og seinna bættist Þuríður Sigurðardóttir í hópinn og á Aðalstöðinni var Óli allt í öllu. Hann rak þá umboðsskrifstofuna Þúsund þjalir og hann samræmdi þetta tvennt mjög vel – skipulagði viðburði, tók myndir og viðtöl og var einhvern veginn alltaf að. Þeir voru oft langir vinnudagarnir á Aðalstöðinni og Óli vann lengst af öllum. Síðustu árin vorum við sessunautar hjá RÚV og í rauninni horfðumst við Óli í augu dag hvern. Þau eru ófá hláturskötin sem við fengum og Óli hafði sérstaklega gaman af því þegar við Rúna sögðum sögur og hann þóttist vera að hlusta á jazz og blús en sennilegast hefur hann heyrt hvert orð sem við sögðum, því oft skaut hann einhverju inn í samræður okkar. Þetta var einstakur tími hjá okkur og ég geymi margt í minningunni sem ekki verður sagt hér. Ein síðasta sagan sem Óli sagði okkur stöllum var af ferð þeirra í Ríó í sumarbústað þar sem þeir höfðu ákveðið að semja nokkur ný lög. Á mánudeginum spurði ég Óla hvernig hefði gengið? Mjög vel svaraði Óli, við sömdu fullt af flottum lögum og eitt var algjör snilld – en gallinn er bara sá að við munum ekki eitt einasta lag. Og svo hlógum við eins og vitleysingar. Svona var stemningin með Óla, alltaf gaman og alltaf eitthvað í gangi.

Ég þakka Óla samfylgdina í öll þessi ár og votta Daddý og fjölskyldu mína dýpstu samúð.

#### Hrafnhildur Halldórsdóttir.

● Fleiri minningargreinar um Ólaf Tryggva Þórðarson bíða birtingar og munu birtast í blaðinu næstu daga.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,

#### JÓN STEINGRÍMSSON verkfræðingur, Suðurlandsbraut 58, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk föstudaginn 9. desember.

Jarðsungið verður frá Áskirkju föstudaginn 16. desember kl. 15.00.

Þeim sem minnst vilja hins látna er bent á líknarstofnanir.

Steingrímur Jónsson, Guðrún Olga Einarsdóttir,  
Þóra Jónsdóttir, Júlíus Lennart Friðjónsson,  
Vigdís Löve Jónsdóttir,  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður og afa,

#### MATTHÍASAR Á. MATHIESEN.

Sérstakar þakkir færur við öllum þeim sem önnuðust hann í veikindum hans.

Sigrún P. Mathiesen,  
Árni M. Mathiesen, Steinunn K. Friðjónsdóttir,  
Halldóra M. Mathiesen, Frosti Bergsson,  
Þorgils Óttar Mathiesen,  
Matthías Árni, Bergur, Sigrún, Kristín Unnur,  
Halla Sigrún, Einar Páll og Arna Steinunn.



Ástkær eiginkona mín, móðir og tengdamóðir,

#### SOFFÍA GUÐMUNDSDÓTTIR tónlistarkennari,

lést fimmtudaginn 8. desember.  
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 19. desember kl. 13.00.

Jón Hafsteinn Jónsson,  
Guðmundur Karl Jónsson,  
Olga Björg Jónsdóttir,  
Nanna Ingibjörg Jónsdóttir,  
Jón Ingvar Jónsson, Brigitte M. Jónsson.



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

#### GUÐBJÖRG SIGRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR, Bjarnarvöllum 8, Keflavík,

lést miðvikudaginn 9. nóvember.  
Útförin fór fram þriðjudaginn 22. nóvember í kyrrþey að ósk hinnar látnu.  
Þökkum auðsýndan stuðning.  
Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Jón Wheat,  
Jón Óskar Jónsson Wheat, María Kristinsdóttir,  
Benjamín Jónsson Wheat, Elva Dögg Guðbjörnsdóttir  
og barnabörn.



Okkar ástkæri sonur, faðir, tengdafaðir, unnusti, bróðir og mágur,

#### RAGNAR LEIFUR ÞRÚDMARSSON rafvirkir, Hoffelli, Hornafirði,

andaðist föstudaginn 9. desember.

Hólmfríður Leifsdóttir, Prúðmar Sigurðsson,  
Snæbjörn Sólvi Ragnarsson, Waraporn Chanse,  
Prúðmar Kári Ragnarsson, Hildur Björg Ragnarsdóttir, Heiðar I. Eggertsson,  
Gunnþóra Gunnarsdóttir, Ingibjörg Steinsdóttir,  
Prúðmar Prúðmarsson, Jóhanna Lilja Prúðmarsdóttir, Sigurbjartur Pálsson,  
Rúnar Prúðmarsson, Erna H. Þórðardóttir.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

#### SONJA SCHMIDT, Sléttuvegi 11, Reykjavík,

er látin.  
Útförin verður auglýst síðar.

Gylfi H. S. Gunnarsson,  
Geir H. Gunnarsson,  
Hólmfríður Gunnarsdóttir, Guðmundur B. Sigurgeirsson,  
Sigríður S. Gunnarsdóttir,  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir mín, dóttir okkar og systir,

#### JÓNÍNA ÁSMUNDSDÓTTIR, Alexandríu í Virginíuríki,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 6. desember.  
Hún verður jarðsungen frá Útskálakirkju mánudaginn 19. desember kl. 11.00.

Marianna Sif Jónsdóttir, Kristín Ögmundsdóttir, Ásmundur Leifsson, Pálína Ásmundsdóttir, Bára Inga Ásmundsdóttir, Kristinn Þór Sigurjónsson, Sigurjón Kristinnsson, Petra Stefánsdóttir,



Innilegustu þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

#### SIGRÍÐAR GUNNARSÓTTUR úr Von,

sem lést föstudaginn 11. nóvember.

Lilja Sigurðardóttir, Jón Gunnar Sigurðsson, Cheryl Jonsson,  
Viðar Marel Jóhannsson, Birgir Marel Jóhannsson,  
barnabörn og barnabarnabörn.



Minningarkort  
535 1825  
www.hjarta.is 5351800

#### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktími:  
581 3300 & 896 8242  
www.utfarin.is



Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hermann Jónsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



# Ólafur Tryggvi Þórðarson

Ólafur Tryggvi Þórðarson tónlistarmaður fæddist í Glerárþorpi á Akureyri 16. ágúst 1949. Hann lést á Grensásdeild Landspítalans 4. desember 2011.

Ólafur var jarðsúnginn frá Hallgrímskirkju 13. desember 2011.



hefðu hörku söngródd. Eða í Menntaskólanum í Kópavogi þegar við stofnuðum MK kvartettinn – þá var það Óli sem sá um að bóka okkur á ýmsum stöðum – kosningavökum og alls konar uppákomum og lét okkur líða eins og við værum heimsfræg á Íslandi. Það samstarf endaði með því að við sungum eitt lag inn á Kópavogsploðu sem Óli stjórnaði upptökum á. Þegar Óli var tónlistarstjóri Rásar tvö réð hann mig í vinnu við að gera hina og þessa þætti – t.d. um verslunarmanna-helgi. Þá sagði hann mér bara að fara af stað með upptökutækni og taka viðtöl við alls konar fólk og rifja upp minningar tengdar helginni. Eg lagði af stað og lærði heimikið um útvarpið – bara með því að bjarga mér sjálf en auðvitað með hjálp Óla. Eg fór síðan til náms í Austurríki haustið 1996 og var alltaf í sambandi við Óla á þeim tíma. Ég á nokkur bréf frá honum þar sem hann hvatti mig til að vera í sambandi þegar ég kæmi heim, hann hlyti að hafa eitthvað spennandi að gera, sem ég og gerði og ég fékk að prófa ýmislegt skemmtilegt í útvarpsþáttagerð. Þegar námi lauk og ég flutti heim árið 1992 var Óli búinn að flytja sig um set og var kominn á Aðalstöðina sem var til húsa í fornfrægu húsi í Aðalstræti. Þar starfaði ég með honum í tvö ár þar til ég byrjaði aftur á Ríkistútarpinu. Við Óli vorum saman með morgunþátt og seinna bættist Þuríður Sigurðardóttir í hópinn og á Aðalstöðinni var Óli allt í öllu. Hann rak þá umboðsskrifstofuna Þúsund þjalir og hann samræmði þetta tvennt mjög vel – skipulagði viðburði, tók myndir og viðtöl og var einhvern veginn alltaf að. Þeir voru oft langir vinnudagarir á Aðalstöðinni og Óli vann lengst af öllum. Síðustu árin vorum við sessunautar hjá RÚV og í rauninni horfðumst við Óli í augu dag hvern. Þau eru ófá hlátursköstin sem við fengum og Óli hafði sérstaklega gaman af því þegar við Rúna sögðum sögur og hann þóttist vera að hlusta á jazz og blús en sennilegast hefur hann heyrt hvert orð sem við sögðum, því oft skaut hann einhverju inn í samræður okkar. Þetta var einstakur tími hjá okkur og ég geymi margt í minningunni sem ekki verður sagt hér. Ein síðasta sagan sem Óli sagði okkur stöllum var af ferð þeirra í Ríó í sumarþátt þar sem þeir höfðu ákveðið að semja nokkur ný lög. Á mánudeginum spurði ég Óla hvernig hefði gengið? Mjög vel svaraði Óli, við sömdu fullt af flottum lögum og eitt var algjör snilld – en gallinn er bara sá að við munum ekki eitt einasta lag. Og svo hlógum við eins og vitleysingar. Svona var stemningin með Óla, alltaf gaman og alltaf eitthvað í gangi.

Ólafur Tryggvi Þórðarson hefur kvatt. Hann var í hópi nánustu djassvina minna og þó að hann hafi aldrei litíð á sig sem mikinn djassleikara skilur hann eftir sig dýpri spor í íslenskr djassögu en flestir vita. Allir þekktu Óla í Ríó, en hann hafði líka gefið út plötu þar sem Gunnar Ormslev blés. Af henni var hann hreykinn.

Elsku Óli okkar. Við systkinin kveðjum þig með söknun í huga, en um leið höldum við fast í góðu minningarnar sem lifa munu um ókomna tíð. Við sjáum þig fyrir okkur í sófanum heima hjá þér, að hlusta á útvarpið og lesa tímarit. Við munum eftir þér arkandi stígana uppi í sumarþáttum í vinnugallanum, alltaf að passa upp á að allt væri snyrtilegt og aðgengilegt. Við munum eftir því þegar Soffía sofnaði í sumarþáttum staðnum þínum eftir notalega kvöldstund, og þú lagðir það ekki á litla stelpu að þurfa að vakna, svo þú hélst á henni frá þínum bústað að okkar. Við munum eftir fallegum varðeldi sem þú hélst við Álfavatin, þar sem þú og góðir vinir spiluðu fyrir okkur hin. Við munum eftir brúðkaupi ykkar Daddýjar, þar sem Soffía var í hlutverki hringabera og tók það starf alvarlega, sér í lagi eftir að hafa fengið martröð nóttina áður um að hafa misst hringinn í niðurfall. Við munum eftir því hvað það var notalegt að koma í lauffabraud hjá ykkur Daddý í desember. Við munum hvað það var gaman hjá þér og Daddý á Þorláksmessu, þar sem jólatréð var skreytt og síðustu verkin fyrir jólahátíðina kláruð. Við munum hversu gaman það var að sigla á skútunni með þér við strendur Tyrklands. Þegar þú lást svo inni á sjúkrahúsi þýddi það afar mikil fyrir Soffíu að Daddý leitaði til hennar. Soffía fékk þá að gista með Daddý í nokkra stund og eyða dýrmætum tíma með henni. Það voru forréttindi að fá að kynna þér elsku Óli okkar, nú er það okkar að passa upp á fólk-ið þitt fyrir þig og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að sinna því hlutverki eins vel og kostur er.

Hvíl þú í friði.  
Soffía og Hjörvar.

Það skyggði í huga okkar er freignin barst um andlát elskulegs frænda og vinar, Ólafs Tryggva Þórðarsonar, er lést á sjúkrahúsi 4. desember eftir langa sjúkrahúsvist. Óli frændi var stolt okkar og mikill gleðigjafi. Tónlist var honum ríkulega í blóð borin og dýrmætar eru allar stundirnar er við nutum þess að hlusta á Óla frænda spila og syngja í glöðum hópi með ættingjum og vinum – eða uppi á sviði með Ríó tríói eða South River Band.

Við sendum nánustu aðstandendum hugheilar samúðarkveðjur og óskum Óla frænda góðrar heimkomu á Guðs vegum.

Sigríður og Solveig Theodórsdóttir, Sigríður Steingrímsdóttir og Ingi Viðar Arnason;  
frændsystkin ættuð frá Syðri-Á, Ólafsfirði.

Hvar á ég að byrja? Þegar ég var unglingsmaður í Víghólaskóla og Óli kenndi tónlist og kenndi okkur öllum óhefðbundin lög, og kynnti fyrir okkur hljóðfæri ættuð frá Afríku? Svo vinsælt var þetta að nánast allir fóru í kórinn og Óli fullvissaði alla um að þeir

Eitt af stórvirkjum Óla var að hleypa af stokkunum Léttsveit/Stórsveit Ríkisútvarpsins. Á árunum 1986 til 1988 hljóðritaði sveitin frábært efni, sem gefa mætti út á mörgum geisladiskum. Vilhjálmur Guðjónsson var aðalstjórnandi sveitarinnar í upphafi og var þá íslenskt tónlist helst á dagskrá, en síðar komu stjórndendur erlendis frá og einna fremstur Mikale Råberg hinn sænski. Óli lagði allt í sölnar fyrir sveitina og urðu það honum mikil vonbrigði er Ríkisútvarpið gafst upp á rekstri hennar.

1988 voru þáttagerðarmenn frá norrænu Ríkisútvarpsstöðvunum kallaðir á djasshátíð og fund í Karlstad í Svíþjóð. Þangað hélt Óli með kvartett Sigurðar Flosasonar í farteskinu og þar var ákveðið að efna til Norrænna útvarpsdjassdaga árlega. „Þú sérur um þetta næsta ár Óli,“ sögðu félagarnir og hann svaraði: „Ekki næsta en þar næsta!“ Þó engu hefði hann heimildina. Sem betur fór tók tónlistarstjóri útvarpsins, Jón Örn Mariusson, hugmyndinni vel. Árið 1989 var hátíðin haldin í Finnlandi og til- einukuð sveiflu. Engin sving- hljómsveit var þá starfandi á Íslandi svo Óli stofnaði eina og það ekki af verri endanum: Kuran swing, með Szynoni fíðlara, Bjossa Thor gítarista og Þórði Högnasyni bassaleikara. Óli var svo lífjafi sveitarinnar með kraftmiklu ryþmagítarspili. Þeir stóðu sig með þryði í Dalsbrú.

Flestir töldu að hugmyndir Óla um völduga norræna útvarpsdaga í Reykjavík 1990 væru galnar. Viku hátíð með fjölmörgum tónleikum uppá hvern dag. En Óli stóð fastur á sínu og hátíðin tókst svo vel að segja má að menningarnótt hafi ríkt í Reykjavík alla vikuna. Óli stofnaði 22 manna samnorræna stórsveit á hátíðinni, þá fyrstu í sögunni, og stjórnuðu Jukka Linkola og Gugge Hedreniu tónleikum hennar. Ég aðstoðaði Óla við þessa hátíð og þori að fullyrða að án krafts hans og lífs- gleði hefði hún orðið svipur hjá sjón.

Fjölmeiri önnur afrek vann Óli í þágu djassins. Hann var með þáttinn Góðvinafund með Jónasi Jónassyni og þar var Guðmundur Ingólfsson þeirra hægrí hönd. Óli var afvaki þess að platan Gling gló með tríói Guðmundar og Bjarkar varð að veruleika og hann stóð fyrir beinum djassútsendingum frá klúbbum borgarinnar s.s. úr Djúpinu 1985 og Duushúsi 1988.

Eftir að Óli hætti hjá Ríkisútvarpinu var hann með djassþætti á Aðalstöðinni í kompaní við Ólaf Stephensen og er hann réðist aftur til útvarpsins hóf hann að senda út þáttinn „Bláar nótur í bland“. Hugsun hans var að þarna yrði hin klassíska djass- sveifla aðalupplistaðan skreytt með blús og heimstónlist. Þessi þáttur naut mikillar hylji eins og flest það sem Óli kom nálægt.

Hér hefur verið stíklátt á stóru en fyrst og síðast; þökk fyrir allt sem þú vannst íslenskr tónlist.

Vernharður Linnet.

Hugurinn leitast aftur til barnskuáranna þegar ég kveð vin minn, Ólaf Þórðarson.

Hann kenndi mér tónmennt í barnaskóla, stofnaði tónlistarhópin Víghóflaklökkinn í gagnfræðaskólanum mínum, þar sem hann kom að tónlistarkennslu, hann lánaði okkur hljóðfæri, lét okkur syngja skemmtileg lög frá ýmsum heimshornum. Þetta þótti slík nýbreytni í tónlistarkennslu á þeim tíma að hópurinn endaði í sjónvarpinu. Og ekki lét hann staðar numíð við það, hann samdi líka söngleik um Sálina hans Jóns míns, þann skemmtilega ljóðabálk, og við unglings- arnir létum og sungum í leik- fimihúsinu við Kársnesskóla. Minningin er ljóslifandi, enda þótti okkur þetta ótrúlega

spennandi. Óli kunnir á okkur unglingsmenn. Hann var ástríðu- fullur í að kenna okkur, hann hrósaði og hvatti óspart og það var óvenjulegt, á þeim tíma, að kennari gæfi svona mikið af sér til að gera fagið skemmtilegra.

Já, Óli kom með eitthvað nýtt og spennandi.

Í Menntaskólanum í Kópavogi stofnuðum við nokkrir nemendur sönghóp og þegar Óli var fenginn til að sjá um útgáfu á Kópavogshljómplötu fékk hann okkur til að syngja eitt lag það var stór stund fyrir þá sex unglunga sem komu inn í Hljóðrita og sungu í fyrsta skipti inn á plötu. Hann var alltaf boðinn og búin til aðstoðar ef hann mögulega gat.

Frá því undirrituð steig þessi fyrstu spor á tónlistarbrautinni var Óli aldrei langt undan, alltaf tilbúinn að hjálpa, mæla með, útvega „gigg“, allt sem hann gat gert til að greiða götu manns.

Óli lagði víða lóð á vogarskál- ar og hjálpaði til við að hrinda hugmyndum í framkvæmd, má nefna aðkomu hans að stórsveit Ríkisútvarpsins, Rurek-djasshátíðinni, Blúshátíð á Ólafsfirði og Þjóðlagahátíð á Rosenbergs, svo eitthvað sé nefnt.

Mér er minnisstæð skemmtileg ferð til Finnlands sumarið 2009, þegar South River Band kom fram á tónlistarhátíð þar í landi og við Óli vorum ferðafélagar í nokkra daga. Við hlógum oft að þeirri ferð enda vorum við samstarfsfélagar á Útvarpinu og boðin okkar lágu saman þar.

Mikið óskaplega hef ég saknað hans þetta rúma ár sem líðið er.

Nú þegar komið er að kveðjustund vil ég segja þér Óli minn, vinur minn og velgjörðarmaður, hversu undur vænt mér þótti alltaf um þig og hvað ég á þér mikið að þakka. Hafðu þökk fyrir allt.

Elsku Daddý og fjölskylda, ég sendi ykkur mínar innilegustu samúðarkveðjur. Minning um góðan dreng lifir.

Guðrún Gunnarsdóttir.

Kæri vinur, ég hugsa til þín og ég skrifa til þín. Ég veit að þú nemur það núna, þótt farinn sért hédan á stærri svið. Ég gleymi aldrei þegar þú komst og ég sá þig fyrsta sinni, með djassgítarinn hans Gósa bróður, á fyrstu æfingu okkar félaganna fyrir hlöðuball í Gaggó Kóp. 1962. Ég kunnir G-, C- og D-hljómana, en þú kunnir allt; F og þvergrip og fullt af þeim, sem þú svo kenndir mér til þess að við gætum „meikað gigg“ sem var árlegt hlöðuball skólans. Ég man líka öll ævintýrin hjá okkur, eftir að úr þessu varð Ríó-gamaní þegar Helgi bættist við. Ég þakka þér sérstaklega snilldartök þín á veislustjórn þegar ég varð fimmtugur – en sú gleði gleymist ekki öðrum vinum mínum, sem þar voru mætir.

Þó að nú skilji okkar leiðir um stund, þar sem þú þurftir að fara aðeins fyrr til að komast á Len- non-tónleikana, sem vafalaust hafa verið himinfloppur, munum við eflaust hittast áður langt líður sem ljóshnoðrar umvafðir himins tómi í fjölstrengja hljómi og þá þarft þú að kenna mér að spila á hörp.

Ég er svo lánsamur að hafa verið með þér á okkar fyrsta uppistandi og líka á seinustu tónleikum þínum í Ríó með Helga P. og Gústa í Salnum, ásamt ýmsu þar á milli. Hótel Saga, Sjallinn, Vaglaskógur, Hallormsstaðarskógur, Þjóðhátíð Eyja, hjá borgarstjórnunum í Berlín, Köben, og þá Pambaravöllum í lúðrasveit, sem var um tíð æfingasetur Ríó, í þá tíð er við urðum að mönnum.

Ég vil að lokum votta þeim sem eftir sitja; konu þinni Dagbjörtu, drengjunum og öðrum aðstandendum mína dýpstu samhygd, um leið og ég tek þátt í sorg þeirra og söknuði. Þér,

Ólafur Þórðarson, þakka ég allt og far þú í friði, en sendu okkur af og til þrumutón og leiftur af ofan.

Þér gleymi ég aldrei.  
Kveðja,

Halldór Fannar.

Ólafur Tryggvi Þórðarson er látinn en söngur hans mun hljóma áfram. Hvenær sem við viljum getum við sett disk eða hljómplötu á fóninn og glaðst með Ríó tríói eða South River Band. Tónlistin er arfurinn sem Óli skilur eftir.

Margs er að minnast þegar litíð er yfir farinn veg en upp úr stendur brúðkaup Óla og Dagbjartar Helenu Óskarsdóttur, Daddýjar, dóttur minnar. Brúðkaupið fór fram í Langholt- kirkju 8. júlí árið 2000. Szymon heitinn Kuran, fíðluleikari og tónskáld, samdi yndislegt lag af því tillefni og vinir þeirra léku tónlist.

Veðurspáin lofaði ekki góðu, „ákveðin rigning“ voru þau orð sem veðurfræðingurinn viðhafði og reyndist sannspár. Meðan afhöfnin fór fram rigndi án afláts. Um leið og út úr kirkju kom tók hins vegar að léttast til og þegar keyrt var heim í Skerjaförð þar sem veislan fór fram braust sólin fram úr skýjunum og sendi geisla sína til brúðhjonanna og veislugesta. Húsið og garðurinn eitt blómahaf sem vinir og vandamenn nær og fjær færðu brúðhjonunum að gjöf. Hver listamaðurinn á fætur öðrum heðraði hin nýgiftu með hljóðfæraleik og söng sem ómaði um Skerjaförðinn langt fram á kvöld. Fallegur dagur sem lifur sjálfsagt seint úr minni viðstaddra.

Óli var ekki aðeins ástríkur eiginmaður heldur elskaði hann drengina sína heitt. Þegar Þórður eignaðist dótturina Brynhildi, sem skírð var í höfuðið á ömmu sinni og fyrri eiginkonu Óla, held ég að leitun hafi verið að jafnhamingjusómum afa.

Óli var barnelskur maður og börn elskuðu að vera í kringum hann enda veitti hann þeim athygli og þolinmæði. Þannig urðu hann og Egill Máni, sonur Erlu vinkonu þeirra Daddýjar, mestu mátar. Þá reyndist Óli Óskari, syni dóttur minnar, vel.

Óli var mikið náttúrubeið. Ófáar voru ferðirnar upp í sumar- bústað í Prastarskógi þar sem Álfavatiníð glitrar í sólinni á góðvildrisdögum og Ingólfsfjall vakir fyrir öllu. Óli alltaf að dytta að einhverju á landinu. Sérstaklega hafði hann gaman af að út- búa göngustíga í skóginum umhverfis bústaðinn á meðan við hin sleiktum sólina. Prastarskógur var helgur staður í huga Óla og þar var alltaf gott veður, hvernig sem víðaði. Ekki var heldur langt í góðan félagsskap; Soffía fyrrverandi tengdamóðir Óla, Helga dóttir hennar, Óli maðurinn hennar og börn með bústað skammt frá. Oft var glatt á hjalla þegar stórfjölskyldan kom þarna saman á einum stað.

Óli átti marga góða og gestagangur var mikill á heimili þeirra Daddýjar á Urðarstíg. Helgi PÉ, æskuvinur Óla og félagi úr Ríó tríói, og Birna kona hans þeirra á meðal. Segja má að þau hafi reynt Óla verndarenglar frá því að hann lagðist inn á Grensás, heimsóttu hann reglulega og hlóðu að honum. Þá hafa Baldur og Margrét tekist á við erfið mál fyrir hönd Óla og Daddýjar og fyrir hönd Óla og Daddý- stöðarskógur, Þjóðhátíð Eyja, hjá borgarstjórnunum í Berlín, Köben, og þá Pambaravöllum í lúðrasveit, sem var um tíð æfingasetur Ríó, í þá tíð er við urðum að mönnum.

Ég þakka samfylgdina þessi ár.

Þín tengdamóðir,

Anna Leósdóttir.

Elsku Óli. Ég bað afa að hjálpa mér að búa til kveðju til þín.

Nú ertu Óli minn góði hjá Guði, ég geymi þig líka í hjartanu á mér. Þú manst þegar vorum við stundum í stúdi af strengjunum hljómuðu löginn hjá þér.

Í sófanum þínum við kúrðum á kvöldin með krukku af nammi sem ætluð var mér og vísurnar sungum uns svefninn tók völdin ég vaknaði aftur í bóli hjá þér.

Ég ætla með mömmu í kirkjuna að kveðja, kistuna þína mig langar að sjá. Á himnunum englarnir allir þig gleðja aftur þú spilar nú gítarinn á. (Baldur Jónasson)

Bless Óli minn, ég sakna þín.  
Þinn  
Egill Máni fimm ára,  
alveg að verða sex.

Elsku Óli. Mig langaði að minnast þín í nokkrum orðum. Mest langar mig þó að þakka þér fyrir að reynast foreldrum mínum góður vinur, þá sérstaklega pabba mínum. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að verða vitni að því hvað ykkar sanna og hlýja vinátta dró fram góðar hlíðar í ykkur báðum og stækkaði í leiðinni sjóndeildarhringinn minn.

Ég sá aldrei annað fyrir mér en að þið mynduð endu saman á elliheimili, gamlir karlar að gera ykkar. Örlög þín eru mér óskiljanleg og eðlileg viðbrögð við þeim eru reiði. En reiðin heldur manni fóstum og skilar engu. Ég vil heldur vera þakklát fyrir gleðina sem þú gafst, allt það góða sem ég tengi við þig og það sem þið þabbi hafð gert saman. Reiði og myrkur má ekki ná að breiða yfir það fallega ljós. Þannig mun ég halda áfram að hugsa hlýlega til þín, allra sem standa þér næst og ég skal passa uppá þá sem ég get passað uppá.

Ég vona að þú standir í ljósinu eftir erfiða baráttu og hafir fundið frið.

Heiða Kristín Helgadóttir.

Ólafur Þórðarson Allir eiga sér sitt svæði, sitt umhverfi, bæði í bóksaflegum skilningi en einnig í óeiginlegri merkingu. Við Óli Þórðar vorum á sama svæði í tvennum skilningi. Við vorum nágrannar í Pingholtunum í Reykjavík og vinnufélagar hjá Ríkisútvarpinu til margra ára.

Ég hélt að þessi svæði væru bæði örugg, að þangað myndi engin meiriháttar ógæfa ná. En auðvitað er ekkert slíkt svæði til. Óli var bæði góður granni og góður vinnufélagi. Hann var þessi „náungi manns“ sem talað er um í Nýja testamentinu. Sér- dellis þrúður og óáreitinn á vinnustað, en ætíð glödvær og hvetjandi.

Sjaldan unnum við beinlínis saman að verkefnum, en þó á ég góðar minningar um nokkur slík, t.d. vinnuferð til Írlands sumarið 1989 þar sem við ásamt Magnúsi R. Einarsyni sópuðum saman heimleikunum Óla og vinnufélagarinn Óla og félagi úr Ríó tríói, og Birna kona hans þeirra á meðal. Segja má að þau hafi reynt Óla verndarenglar frá því að hann lagðist inn á Grensás, heimsóttu hann reglulega og hlóðu að honum. Þá hafa Baldur og Margrét tekist á við erfið mál fyrir hönd Óla og Daddý- stöðarskógur, Þjóðhátíð Eyja, hjá borgarstjórnunum í Berlín, Köben, og þá Pambaravöllum í lúðrasveit, sem var um tíð æfingasetur Ríó, í þá tíð er við urðum að mönnum.

Óli kæmi aftur inn á svæðið. Nú þurfum við öll að vinna úr áfallinu og sorginni þann þráð sem getur styrkt lífsvefnað okkar, styrkt samfélagið allt í baráttunni gegn því sem afvegaleiðir og eyðileggur. Reynum að festast ekki í viðjum harmsins heldur horfa upp á við og fram. Við Guðrún sendum aðstandendum Óla samúðar- og hughreysting-arkveðjur.

Ævar Kjartansson.

Örlögin eru stundum undarleg og það vill þannig til að Ólafur tengdist mínu lífi á tvo vegu. Í fyrsta lagi unnum við saman í útvarpi og síðar kvæntist hann systurdóttur minni, Dagbjörtu Helenu. Harmleikurinn sem að lokum leiddi Ólaf til dauða var óréttlátur, sorglegur og ófyrirgefanlegur. Ég sendi ástvinum Óla mínar dýpstu samúðarkveðjur. En mig langar til þess að senda þessum merkilega heiðursmanni örfáar línur í ljóðarformi, því að stór hluti lífsgöngu hans fólst í að gera tónlist og syngja texta.

(Jóna Rúna Kvaran)

**Jóna Rúna Kvaran.**

**Kveðja frá Jazzhátíð Reykjavíkur**

Nafn Ólafs Þórðarsonar er brennimerkt á lendar Jazzhátíðar Reykjavíkur og segja má að hann eigi stofnun hennar. Skuldlaust.

Norrænrir útvarpsdjassdagar 1990 líða mönnum seint úr minni enda fylltist Reykjavík af erlendum djassleikurum og heilu stór-sveitirnar heimsóttu djassþyrsta þjóð. Fyrir þessu stóð Ólafur af sonnum stórhug og sannfæring-arkrafti og sannaði að lítill þúfa þarf að hugsa stórt til að velta hlassi þannig að eftir sé tekið.

Við munum alltaf líta á Ólaf sem ljósmóður nýrra tíma í íslenskrí djasstónlist. Einlægur áhugi hans og eðlislæg sveifla hefur í áratugi birst í útvarpsþáttum hans, en Ólafur bjó yfir þeim eftirsóknarverða hæfileika að geta fjallað um hvaða tónlist sem er af innstæi. Líklega kom þar til fólkskvalaus ástríða fyrir allri tónlist þó að svingið hafi átt í honum hvert bein, hvort sem var í útsendingu eða á tónleikapalli með gítarinn í fanginu.

Stofnun Stórsveitar Ríkisútvarpsins var eitt stórvirkja Ólafs og mér er til efs að nokkur okkar sem tókum þátt í því verkefni hafi áttað sig á því á sínum tíma hverskonar kraftaverk var um að ræða.

Segja má að Ólafur hafi haldið verndarhendi yfir Jazzhátíð Reykjavíkur fram á síðustu stundu. Hann sá um kynningar á samstarfi hátíðarinnar og Ríkisútvarpsins og gerði lítið úr því sjálfur þegar þakkað var fyrir þau góðu störf. Það verður seint fullþakkað fyrir allt óeigingjarna starfið og umhyggjuna fyrir íslenskum djasslífi.

Við kveðjum með sökuðri góðan dreng. Sveiflan hefur misst úr takt.

Þétur Grétarsson.

# Grímur Guðmundsson

† Grímur Guðmundsson, stofnandi og fyrrv. forstjóri Íspan glerverksmiðju, fæddist í Reykjavík 15. ágúst 1925. Hann lést áelli- og hjúkrunarheimilinu Seljahlíö í Reykjavík 27. nóvember sl.

Útför Gríms fór fram frá Digraneskirkju 9. desember 2011.

„Hvað er til kvölds, góða mín?“ Þegar við gistum hjá ömmu og afa var þetta gjarnan sú spurning sem afi bar upp við morgunverðarborðið. „Vilt’ ekki eina sneið? eina sneið?“ að smyrja braud og bjóða nærstöddum, sem skyldu taka við því hvort sem þeir sögðu jí eða nei, var ekki eitthvað sem afi gerði bara, það var áhugamál og veitti honum gleði. Hann varð oft hlessa yfir matvendni okkar krakkanna, „Borðarðu ekki braud með rúllupylsu!?“ sagði hann gjarnan glettnislega, „Þú hefur ábyggilega ekki smakkað það. Besta sem ég fæ,“ bætti hann svo við. Matur var hans stóra ástríða.

Afi átti klett, konu sem stóð alltaf upprétt hvað sem á gekk, í gegnum síurt og sætt, konu sem var sú yndislegasta amma og vinkona sem hægt er að hugsa sér. Eftir að hún kvaddi þennan heim, fyrir tæpum 3 árum, stóð afi eftir vængbrotinn. Nú hefur hann fengið hvíldina. Hvað ætli sé til kvölds hinum megin?

Megi hann hlýtt á friði. **Ella Björg, Kristín, Hrefna Björk og Bryndis Helga.**

# Hólmfríður Magnúsdóttir

† Hólmfríður Magnúsdóttir geðlæknir fæddist í Reykjavík 17. janúar 1931. Hún lést á líknardeild Landakottspítala 27. nóvember 2011. Útför Hólmfríðar fór fram frá Fossvogskirkju 6. desember 2011.

Leiðir okkar Fríðu lágu fyrst saman í Gaggó Vest. Þar varð til vinahópur sem hélt áfram námi í MR og eyddi ófáum stundum saman. Í þessum hóp var Grétar Ólafsson sem síðar varð eiginmaður Fríðu. Æskuheimili hennar stóð við Bókhlöðustíginn þar sem nú er Casa Nova og vegna nálagðar við skólann varð það eins konar félagsheimili fyrir vini barnanna á heimilinu. Sólveig móðir þeirra var einstök kona. Hún sýndi ungvíðinu einstakan skilning og umhyggju og nærði okkur líkamlega og andlega. Hún var afar músikölsk, átti gott plötu-safn og hjá henni lærðu mörg okkar að meta klassíska tónlist. Hús-bóndinn var minna heimavið vegna starfs síns en aldrei amaðist hann við þessu innrásarliði.

Fríða gerði læknisfræði að ævi-starfi. Eflaust hefur Jóhanna fráenka hennar haft áhrif á það val. Hún bjó í Kaupmannahöfn



Mikið var gaman að hlusta á hann segja sögur. Hann þekkti öll nöfnin, allar götur og ártöl þannig að maður var alveg á staðnum.

Þeir voru flottir saman bræðurnir, Gústi og Grímur. Það leyndi sér ekki að það var alltaf svo gaman hjá þeim, alveg eins og krakkar að leika. Vonandi eru þeir komnir saman á ný og amma að bjóða þeim upp á köku og kaffi.

Ég mun sakna þín mikið, elsku Grímur minn.

Blessuð sé minning þín. Afkomendum Gríms sendi ég samúðarkveðjur.

**Tómas Áki Tómasson.**

Grímur frændi fékk hvíldina, hann er farinn frá okkur. Grímur var alveg yndislegur maður og höfðingi í mínum augum. Hann var alltaf hress og kátur og sá spaugilegu hlíðarnar á lífinu. Það var alltaf mikið fjör þegar hann var í essinu sínu að segja brandara. Hann var líka mjög rausnarlegur og elskaði að gleðja fólkíð sitt og aðra.

Ég var svo lánsöm að hafa hann í lífi mínu frá því að ég var lítill stelpa, þegar hann bjó í húsi foreldra minna með Ellu sinni, Jóni og Guðmundi, á meðan húsið þeirra í Kópavoginum var byggt. Mér er minnisstætt þegar fyrsta barnabarn mitt fæddist og Grímur mætti með fallega gjöf sem hann hafði valið sjálfur.

Það var alltaf hlýtt á milli okkar og böndin urðu sterkari eftir að ég missti báða foreldra mína langt fyrir aldur fram.

# Hólmfríður Magnúsdóttir



ásamt manni sínum og bæði voru læknar. Á námsár-unum var Jóhanna hjá Sólveigu systur sinni og tók miklu ástfóstri við börnin hennar og þá sérstaklega Fríðu. Þau hjónin voru barnlaus en Fríða reyndist þeim sem besta dóttir og þau Grétar voru þeim stóð og stytta. Á unglingsárum okkar var fátít að ungt fólk ferðaðist til útlanda og því var ekki laust við að Fríða væri ófunduð þegar hún kom úr heimsóknum sínum frá Kph. með glæsilegan tískufatnað í farteskínu, ólíkan þeim maður átti að venjast.

Fríða og Grétar héldu til Svíþjóðar í framhaldsnám. Við vorum duglegar að skrifast á og skiptast á fréttum. Þegar þau fluttu heim hjuggum við austur á Egilsstöðum. Grétar var um tíma lækni í Neskaupstað og mikil var tilhlökkunin að fá þau í heimsókn. Stemningin var sú sama og á Bókhlöðustignum forðum daga.

Eftir að við fluttum suður hann ég á Kleppi þar sem Fríða var lækni og varð vitni að því hve hún var vel metin og virt meðal starfsfólks og sjúklinga.

Hún hafði ákveðnar skoðanir á mönnum og málefnum og var ófheimin við að láta þær í ljós. Hún

Ég hef þúið í Bandaríkjunum í 34 ár en alltaf komið til Íslands allavega einu sinni á ári. Grímur bauð mér iðulega út að borða og við áttum margar góðar stundir saman. Seinni árin var það hefð að Dína fráenka bauð okkur í dýrindis kjötsúpu sem honum fannst mjög góð. Hann elskaði góðan mat og félagsskap.

Grímur var, eins og ég kallaði hann stundum, guðfaðir fjölskyldunnar. Hann mætti í allar veislur með góða skipið og glaðning.

Hann elskaði fallega hluti og sérstaklega listunni. Ísþan glerverksmiðjan sem hann rak ásamt börnum sínum síðustu 40 ár er gott merki um ást hans á list. Að koma þangað er eins og að fara í listagallerí.

Grímur var mjög lánsamur með börnin sín, þau unnu öll með honum við rekstur Ísþans og voru honum mikill stuðningur alla tíð.

Ég er þakklát fyrir að hafa átt hann sem vin í öll þessi ár og á eftir að sakna samvista okkar.

Ég votta Óskari, Guðmundi, Finni, Ellu og Jóni mína innilegustu samúð við fráfall góðs föður, afu og langafa.

Blessuð sé minning hans.

**Jóna Ingvadóttir Ferrante.**

Mig langar með fáum orðum að minnst Gríms ömmubróður míns sem fallinn er nú frá. Ég man eftir Grími úr barnásku sem atorkusömum frænda sem var mikið líf í kringum og gaman að heimsækja. Grími kynntist ég þó ekki almennilega fyrr en hann var kominn á efri ár og ég orðin fullorðin. Þá var Gyða amma mín farin að reskjust og átti hauka í horni í litlu bræðrum sínum, Gústa og Grími. Iðulega komu þeir bræður færandi hendi til ömmu með innkaupapoka fulla af matvörum og glettni á vörum. Mér þótti vænt um hvað þeir voru góðir við ömmu og það var greinilegt að þeir skemmtu sér vel við að birtast eins og jólasveinar í Hólmgarðinum án þess að gera boð á undan sér. Amma lifnaði öll við að hitta þá bræður og oft sagði hún mér sögur af Grími frá fyrri tíð, t.d. þegar hann bauð mömmu sinni á Grillið á Hótel Sögu til að hún gæti horft yfir Reykjavík. Á

var oft beinskeytt í tilsvörum og hafði næmt skopskyn. Hún var mikil íslenskumanneskja og á átti bágð með að fyrirgefa málvillur sem hún sá og heyrði í fjölmiðlum.

Í einkalífi sínu var hún lánsöm. Þau Grétar kynntust eng, voru góðir vinir og áttu margt sameiginlegt. Hjónaband þeirra var til fyrirmyndar og einkennist af gagnkvæmri virðingu og væntumþykju. Sólveig var sólargeislinn í lífi þeirra og ekki síður tvíburarnir hennar sem veittu þeim ómældar ánægjustundir.

Eftir andlát Grétars lifði Fríða fyrir Sólveigu og fjölskyldu hennar og fékk umhyggju sína og ást ríkulega endurgoldna. Hennar heitasta ósk var að fá að lifa til vorsins þegar tvíburarnir ljúka námi, í læknisfræði og arkitektúr en hún fékk þá ósk ekki uppfylta. Síðustu mánuðirnir voru henni erfiðir en það var ekki hennar stíll að kvarta og hún kvaddi með þeirri reisn sem var henni svo eiginleg.

Ég kveð vinkonu mína og þakka henni áratuga vináttu. Þær verða ekki fleiri ferðirnar okkar til sólarlanda eða á kaffihús í Kringlunni. Ekkert verður eins og áður og ég sakna hennar sárt.

Ég og fjölskylda mín sendum Sólveigu og hennar fjölskyldu innilegar samúðarkveðjur.

**Ragnheiður Jónsdóttir (Dadda.)**

Við andlátsfregn Hólmfríðar rifjast upp fyrir mér löngu líðnir skóladagar.

Ég kynntist Fríðu fyrst þegar ég kom í 3. bekk Gagnfræðaskóla Reykjavíkur, sem var í gamla

<p><b>HINSTA KVEÐJA</b></p> <p>Legg ég nú bæði líf og önd, ljúfi Jesús, í þína hönd, síðast þegar ég sofna fer sitji Guðs englar yfir mér. (Hallgrímur Pétursson)</p> <p><b>Langafastelpurnar Máney Líf og Dögun.</b></p>
---

undanförmum árum hef ég stundum kíkt í heimsókn í Ísþan og alltaf hefur Grímur verið fljótur að bjóða mér inn á kaffistofu og sótti m.a.s. stundum súkkulaðimola úr skrifboorðinu til að hafa með kaffinu. Það var alltaf gaman að hitta Grím og spjalla við hann um heima og geima og ég mun minnst þeirra stunda með þakklæti. Kæran frænda kveð ég og þakka samfylgdina. Fjölskyldunni sendum við Valgerður okkar innilegustu samúðarkveðjur.

**Kristín Sævarsdóttir.**

Ég man ekki alveg greinilega hvenær ég sá hann fyrst. En nokkuð víst að það var á hestbaki á leið í Gufunes svona einhvern tímang á sjötta áratug síðustu aldar. Í þann tíma var alsíða að hestamenn hefðu með sér ögn á pela, sem oftar en ekki var í mína lagi. Þarna var mér sýndur maður með riði við stóran pela sem væri ávallt fleytífullur af fínu vini þegar lagt væri af stað. Og svo fylgdi sögunni hið ótrúlega að maðurinn bragðaði aldrei sjálfur á þessum pela né öðrum sem að honum væru réttir. Pelinn kom á loft og engu var logið um hvorki pelann né manninn. Þarna fór höfðingi mikill og kátur við alla og hafði góða hesta.

Þetta var upphafið að ævilöngu- um kynnum mínum af þessum einstaka manni honum Grími Guðmundssyni. Alltaf var hann við mig eins og hann ætti í mér hvert bein. Og þá raunar alla Bjarnason eins og við nefnumst á Bergstöðum. Hann var svo einstaklega hjálpsamur og vingjarnlegur. Og þannig var hann við alla aðra það ég sá. Sama ljúfmennið. Og tryggðin hans var einstök. Þegar faðir minn var heltekinn af

Stýrimannaskólanum við Öldugötu. Við vorum bara tvær stelpur í strákabekk en það gerði ekkert til. Strákarnir voru ágætir bekkjarfélagar, sem sumir urðu samferða okkur í MR. Einn þeirra, Grétar, varð eiginmaður Fríðu í löngu og góðu hjónabandi.

Þetta var skemmtilegur vetur, við tókum lífinu létt. Dadda sem var í hinum bekknum bættist í hópinn og við áttum saman góða daga. Kennarar okkar voru sumir eftirminnilegir, Björn Bjarnason eða Bjúsi í enskunni, og Jóhann Briem, sem átti að kenna okkur teikningu en tókst ekki sérlega vel hvað mig snerti en Fríða var flink í teikningu. Fríða var sannarlega eftirminnilegur félagi, góð stúlka, frumleg og skemmtileg og hafði ákveðnar skoðanir á málunum. Ég man eftir þegar eldri systir mín kom heim eftir dvöl í Bandaríkjunum, þá fengum við Fríða að máta fallelgu fötin hennar og tókum myndir hvor af annarri með ameriskum stæl! Heimili Fríðu á Bókhlöðustíg var líka einstakt. Sólveig mamma hennar tók öllum vinahópnum með mikilli elskusemi.

Svo tók alvara lífsins við. Fram að þessu höfðu þriðjubekkingar úr Gagnfræðaskólanum gengið beint inn í fjórða bekk í MR en nú var orðin breyting á. Landspróf hafði verið innleitt og Pálmi rektor setti okkur þá skilyrði að endurtaka landspróf með þriðjabekkjarprófinu til að fá inngöngu í Menntaskólann. Hvað við og gerðum. Það var stór stund að setjast í gamla skólann í Lækjargötu. Þar var allt annað andrúmsloft. Nú skyldi maður stunda námið og það var

Alheimersjúkdómnum og hættur að þekkja fólk eða tala, þá fættust heimsóknir eins og gengur. Grímur var þá einn fátta sem heimsóttu hann oft þar til yfir lauk.

Við byggðum allir saman hesthús í Kópavogi og áttum þar félagssskap á annan áratug.

Við vorum saman á Bergstöðum þar sem fjölskyldur okkar, Bergs, Einars Sæm og Gunnars Skapta áttu saman síðan 1966 til þessa dags. Ég fer frá óbætttri skuld við þennan vin minn því ég endurgalt ekki nógsamlega hans ræktarsemi við okkur feðgana og alla fjölskylduna okkar og kom í of fáar heimsóknir til hans í Seljahlíð þar sem hann dvaldist síðustu misserin. Var alltaf á leiðinni eins og gengur.

Ræktarsemi og umhyggja fyrir okkar minnstu bræðrum voru aðalsmerki Gríms. Hann var ekki að auglýsa það en ég sá að hann lagði lykjur á leiðir sínar til að vitja um þá og kom ávallt færandi hendi. Því hann var ávallt stór-gjöfull og toppaði ávallt alla aðra í rausn. Hann var höfðingi í sjón og reynd. Snrtyrtemni mikið, unnaðir fegurðar og fullkomeika hvort sem það voru hestar, bílar, glervörur eða listaverk.

En gleríð var hans starfsvettvangur því hann stofnaði Ísþan og var síðan kenndur við það. En verksmiðjan er eitt fágaðasta fyrirtæki landsins þar sem snrtyrmennskan er allsráðandi í lista- verkasafni. Þar vinna börnin hans og hennar Ellu nú þrjú saman.

Það er í rauninni einstakt hversu góðum böndum fólkíð á Bergstöðum hefur bundist. Grímur Guðmundsson var mikill samnefnari og gerandi í þeim hópi, forgöngumaður um framfarir sem honum áreiðanlega fundust þó of hægur slíkur athafnamaður sem hann var.

Við þessi leiðarlök get ég aðeins flutt fram þakkir fyrir mína hönd og Steinunnar og minnar fjölskyldu, sem hann ávallt sýndi svo mikinn vinkap og tryggð, að til fátta manna verður honum jafnað.

Fjölskyldu hans sendum við okkar bestu kveðjur með þökkum fyrir allt fornt og nýtt. Grími Guðmundssyni gleymum við ekki. **Halldór Jónsson.**

líka, þegar til kom, sannarlega gaman. Í MR kynntumst við fleiri nemendum en það gerði ekkert til. Strákarnir voru ágætir bekkjarfélagar, sem sumir urðu samferða okkur í MR. Einn þeirra, Grétar, varð eiginmaður Fríðu í löngu og góðu hjónabandi.

Þetta var skemmtilegur vetur, við tókum lífinu létt. Dadda sem var í hinum bekknum bættist í hópinn og við áttum saman góða daga. Kennarar okkar voru sumir eftirminnilegir, Björn Bjarnason eða Bjúsi í enskunni, og Jóhann Briem, sem átti að kenna okkur teikningu en tókst ekki sérlega vel hvað mig snerti en Fríða var flink í teikningu. Fríða var sannarlega eftirminnilegur félagi, góð stúlka, frumleg og skemmtileg og hafði ákveðnar skoðanir á málunum. Ég man eftir þegar eldri systir mín kom heim eftir dvöl í Bandaríkjunum, þá fengum við Fríða að máta fallelgu fötin hennar og tókum myndir hvor af annarri með ameriskum stæl! Heimili Fríðu á Bókhlöðustíg var líka einstakt. Sólveig mamma hennar tók öllum vinahópnum með mikilli elskusemi.

Svo tók alvara lífsins við. Fram að þessu höfðu þriðjubekkingar úr Gagnfræðaskólanum gengið beint inn í fjórða bekk í MR en nú var orðin breyting á. Landspróf hafði verið innleitt og Pálmi rektor setti okkur þá skilyrði að endurtaka landspróf með þriðjabekkjarprófinu til að fá inngöngu í Menntaskólann. Hvað við og gerðum. Það var stór stund að setjast í gamla skólann í Lækjargötu. Þar var allt annað andrúmsloft. Nú skyldi maður stunda námið og það var

Alheimersjúkdómnum og hættu að þekkja fólk eða tala, þá fættust heimsóknir eins og gengur. Grímur var þá einn fátta sem heimsóttu hann oft þar til yfir lauk.

Við byggðum allir saman hesthús í Kópavogi og áttum þar félagssskap á annan áratug.

Við vorum saman á Bergstöðum þar sem fjölskyldur okkar, Bergs, Einars Sæm og Gunnars Skapta áttu saman síðan 1966 til þessa dags. Ég fer frá óbætttri skuld við þennan vin minn því ég endurgalt ekki nógsamlega hans ræktarsemi við okkur feðgana og alla fjölskylduna okkar og kom í of fáar heimsóknir til hans í Seljahlíð þar sem hann dvaldist síðustu misserin. Var alltaf á leiðinni eins og gengur.

Ræktarsemi og umhyggja fyrir okkar minnstu bræðrum voru aðalsmerki Gríms. Hann var ekki að auglýsa það en ég sá að hann lagði lykjur á leiðir sínar til að vitja um þá og kom ávallt færandi hendi. Því hann var ávallt stór-gjöfull og toppaði ávallt alla aðra í rausn. Hann var höfðingi í sjón og reynd. Snrtyrtemni mikið, unnaðir fegurðar og fullkomeika hvort sem það voru hestar, bílar, glervörur eða listaverk.

En gleríð var hans starfsvettvangur því hann stofnaði Ísþan og var síðan kenndur við það. En verksmiðjan er eitt fágaðasta fyrirtæki landsins þar sem snrtyrmennskan er allsráðandi í lista- verkasafni. Þar vinna börnin hans og hennar Ellu nú þrjú saman.

Það er í rauninni einstakt hversu góðum böndum fólkíð á Bergstöðum hefur bundist. Grímur Guðmundsson var mikill samnefnari og gerandi í þeim hópi, forgöngumaður um framfarir sem honum áreiðanlega fundust þó of hægur slíkur athafnamaður sem hann var.

Við þessi leiðarlök get ég aðeins flutt fram þakkir fyrir mína hönd og Steinunnar og minnar fjölskyldu, sem hann ávallt sýndi svo mikinn vinkap og tryggð, að til fátta manna verður honum jafnað.

Fjölskyldu hans sendum við okkar bestu kveðjur með þökkum fyrir allt fornt og nýtt. Grími Guðmundssyni gleymum við ekki. **Halldór Jónsson.**